

Nr. 20-104 S 067 Blængur NK 125***Skipverji slasast á fæti***

Skipaskr.nr. 1345
Útgerð: Síldarvinnslan hf.
Smíðaður: Spánn, 1973 stál
Stærð: 1723 bt.
Mesta lengd: 78,90 m *Skráð lengd:* 71,0 m
Breidd: 11,60 m *Dýpt:* 7,90 m
Vél: Wartsila, 3680 kW 1999
Fjöldi skipverja: 26



Blængur © Þorgeir Baldursson

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 18. febrúar af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 20. september 2021 var frystitogarinn Blængur NK 125 á togveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: NA 15-18 m/s.

Skipverjar voru að taka trollið þegar einn þeirra var að fara yfir það og hrasaði um gils. Siglt var með slasaða til Ísafjarðar.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverji bólgnaði á ökkla.
- að skipverji var búinn öllum öryggisbúnaði þ.m.t með hjálm og í öryggisstígvélum;
- að ekki hefur náðst í slasaða þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Atvikið hefur verið skráð